

# SÝNISHORN

úr kennsluleiðbeiningum frá Radda  
Padda sem ekki má skadda

# Kaflí V:

Tappi títi og Tappi títú skoða munninn í góðu konunni.

## Markmið fyrir kafla V:

■ Kenna börnunum um talfærin og hlutverk þeirra.


Hvernig notum við tunguna.

Hvernig notum við varirnar.

Hvernig notum við kinnarnar.

Hvernig notum við kjálkana.

Hvernig notum við tennurnar.



## Orð sem eru gerð áberandi í textanum:

a. Orð þar sem beita þarf sérstökum raddblæ svo að rétt hughrif náist hjá hlustanda.

b. Hljóð sem eru búin til með munn og rödd.

## Leiðbeiningar um raddblæ:

Ath. blaðsíðutal í sviga

**Þegar lesið er upphátt gætið þess að orð í textanum hafi viðeigandi raddblæ:**

Blíðlega (48)  
Hvíslaði (50)  
Steinhissa (52)  
Hræddur - stundi (56)  
Lágri röddu - spenntur (58)  
Spekingslega - glaðlega (60)  
Mjóróma - spekinglega (62)  
Lágri röddu - skjálfraddaður (64)

## Munn- og raddhljóð:

Ath. blaðsíðutal í sviga

**Látið börnin hafa eftir munnhljóð sem koma fyrir í textanum:**

Látið börnin hvísla „góðan daginn“ (50)  
Syngið töfraþuluna með börnunum (52)  
Látið börnin stynja (56)  
Látið börnin segja skjálfraddað „góðan daginn“ (64)

## Orð sem varða líkamsvitund:

Ath. blaðsíðutal í sviga

**Orð sem auka líkamsvitund barna. Leiðbeiningar í textanum:**

Látið börnin dilla sér (52)  
Hvar er höndin okkar (54)  
Hvar er handleggurinn okkar (54)  
Hvar er öxlin okkar (54)  
Hvar er hakan okkar (56)  
Hvar er neðri vörin okkar (58)  
Hvar eru tennurnar okkar (58)  
Hvar er tungan okkar (58)  
Hvar er gómurinn okkar (60)  
Hvar er úfurinn í okkur (60)  
Hvernig trítlum við (62)  
Hvar er kokið í okkur (62)  
Hvar eru lungun okkar (64)  
Hvar er maginn okkar (64)  
Látið börnin kyngja (64)

## Umræður og æfingar:

### Tungan

*Til hvers er tungan? Þurfum við að hafa tungu? Hvers vegna? Ræðið þetta við börnin og látið þau skoða tunguna í sjálfum sér og öðrum.*

Hvað getum við gert með henni? (Leiðið börnin til svara).

Smellt og sleikt út um. Svo getum við ullað með henni en það er voða dónalegt.

### Hvað með kjálkana?

*Þurfum við að hafa kjálka? Ó já. Þeir eru til að opna og loka munninum. Prófum það.*

*Verðum við að geta opnað munninn okkar? Hvers vegna? Og hvenær?*

Leiðið börnin til svara. Látið þau herma eftir þegar við öndum, tyggjum, geispum, syngjum, tölum, drekkum, setjum matinn upp í okkur.

### Hvað með tennurnar okkar?

*Eru þær nauðsynlegar? Hvers vegna? (til að tyggja matinn).*

En til að tala? Við verðum að hafa tennur til að geta sagt /SSSSS/. Þá setjum við tennurnar saman og blásum. Prófum að segja /SSSSS/ með opinn munn. Það er ekki hægt.

### Hvað með góminn?

Ef við hefðum ekki góminn þá myndi ekkert stoppa tunguna okkar þegar við lyftum henni upp inn í munninum. Þá gæti bara tungan farið upp í nefið og dottið út. Það væri ekkert sniðugt að vera með dinglandi tungu út um nefið.

Prófum að smella í góm.

### Hvað með varirnar okkar?

*Eru varirnar nauðsynlegar (leiðið börnin til svara). Látið þau herma eftir kossi, brosi, gráti, sögi, flauti, söng og tali.*

Finna hvernig varirnar eru þegar við brosum og svo hvernig þær eru þegar við grátum.

### Hvað með kokið?

*Þurfum við að hafa kok? Jú annars færi maturinn ekki niður í magann og við gætum heldur ekki andað ofan í lungun.*